



183. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmda-stjórnar ÍSÍ í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 3. mars 2011 kl. 16:00.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Hafsteinn Pálsson, Örn Andrésson, Friðrik Einarsson, Helgi Sigurðsson, Jón Gestur Viggósson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir 1. varamaður, Þorgrímur Þráinsson 2. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Forföll: Lárus Blöndal varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Helga H. Magnúsdóttir, Sigríður Jónsdóttir og Gústaf A. Hjaltason 3. varamaður.

1. Íþróttaping ÍSÍ

Framkvæmdastjóri greindi frá því að leitað hafi verið til Daníels Jakobssonar bæjarstjóra á Ísafirði og Steins Halldórssonar starfsmanns ÍBR um að vera forsetar þingsins. Steinn mun einnig sjá um talningafólk fyrir stjórnarkosningarnar.

Framkvæmdastjóri fór yfir tillögur til ályktana og minnti á að tillögur og málefni sem óskast tekin fyrir á þinginu verða send út til þingfulltrúa 25. mars nk.

Lögð fram dagskrá þingsins og yfirlit yfir fyrirkomulag.

Málþing um afreksstefnu ÍSÍ verður haldið með sérsamböndum ÍSÍ þann 16. mars næstkomandi og í kjölfarið verður tillaga um afreksstefnu unnin.

2. Lyftuhús – staða mála

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að einhver frestun yrði á verklokum byggingu lyftuhúss við hús 2 í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Endurskoðun á tímaáætlunum er í vinnslu.

3. Fjárhagsáætlun ÍSÍ

Lögð fram endurskoðuð fjárhagsáætlun ÍSÍ 2011-2012, sem lögð verður fyrir Íþróttaping.

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að gjaldkeri óskaði eftir heimild á frestun tekjufærslu vegna ólympískra verkefna. Samþykkt.

4. 100 ára afmæli ÍSÍ

Framkvæmdastjóri ræddi skipan undirnefnda og mögulega ráðningu verkefnisstjóra í tengslum við undirbúning 100 ára afmælis ÍSÍ árið 2012. Örn Andrésson mun áfram stýra undirbúningi fyrir afmælið.

5. Ólympísk verkefni

EYOWF

Friðrik Einarsson gaf skýrslu frá Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar sem fram fór í Liberec í febrúar sl. Ferðin gekk vel en það setti mikinn strik í reikninginn að keppendur fengu ekki skíðin og búnað á réttum tíma. Sumir keppendur þurftu að keppa með lánsbúnað og hafði það án efa áhrif á íþróttalegan árangur keppenda. Að öðru leyti gekk ferðin vel og þátttakendur voru til fyrirmyndar allan tímann.

Smáþjóðaleikar

Örn skýrði frá undirbúningi Smáþjóðaleika í Liechtenstein. Búist er við að hópurinn sem ÍSÍ sendir til leikanna telji 155 manns og er unnið að því að skrá svokallaðan „long list“. Flogið verður á Frankfurt og rútuferð þaðan til Liechtenstein. Fundur verður haldinn með flokkstjórum nú í marsmánuði.

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að undirbúningur fyrir Smáþjóðaleikana 2015 sé hafinn og minnti á nauðsyn þess að ÍSÍ taki ákvörðun sem fyrst varðandi valgreinar fyrir leikana 2015.

London 2012

Örn skýrði frá því að verið væri að vinna að undirbúningsfundi með sérsamböndum.

6. Heiðranir

Eftirtaldar heiðranir samþykktar/staðfestar:

Kristinn Guðnason HSK – Silfurmerki ÍSÍ. Verður afhent á ársþingi HSK 12. mars

Helga Alfreðsdóttir UÍA – Gullmerki ÍSÍ. Verður afhent á ársþingi UÍA 5. mars.

Siggeir Siggeirsson SSÍ – Gullmerki ÍSÍ. Merkið var afhent á ársþingi SSÍ 25. febrúar sl.

Gauti Grétarsson ÍSÍ/UMSK – Gullmerki ÍSÍ. Merkið var afhent á ársþingi UMSK 10. febrúar sl.

Benedikt Sigurðarson, fyrrverandi formaður SSÍ fékk Gullmerki ÍSÍ afhent á ársþingi SSÍ 25. febrúar sl. Heiðrun til Benedikts var samþykkt í framkvæmdastjórn ÍSÍ fyrir síðasta ársþing SSÍ árið 2010.

7. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 182. fundur framkvæmdastjórnar
- Framkvæmdaráðs frá 10. og 24. febrúar og 3. mars 2011
- Afrekssviðs frá 14. janúar og 2. mars 2011
- 43. fundur Styrktarsjóðs ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna
Tvær viðbótarúthlutanir samþykktar:
Skíðasamband Íslands kr. 200.000 vegna Maríu Guðmundsdóttur og kr. 200.000 vegna Freydísar Höllu Einarsdóttur.
- Almenningsíþróttasviðs frá 7. febrúar.
Ingibjörg Berggrós skýrði frá því að fulltrúar í Kvennahlaupsnefnd tækju þátt í söfnunarátaki LÍF með því að sinna símsvörun í sjónvarpsútsendingu. Hún minnti á dagsetningu Kvennahlaupsins, 4. júní nk.
- Minnisblað vegna Lífshlaupsins 2011
Hafsteinn Pálsson skýrði frá því að átakið hefði gengið afar vel og að 23% aukning hefði orðið á þátttöku.
- 8. fundur Íslenskra getrauna 2011
- 1. fundur Íslenskra getrauna 2011
- 567., 568. og 569. fundur Íslenskrar getsþár
- Minnisblað Andra Stefánssonar frá heimsókn í Olympiatoppen

8. Viðburðir framundan

Farið yfir þing og viðburði sem framundan eru, bæði fram að næsta fundi og til lengri tíma litið.

9. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næsti fundur framkvæmdastjórnar verður haldinn fimmtudaginn 7. apríl nk.

10. Önnur mál

Farið var yfir stöðu mála varðandi vinnuhópa sem skipaðir voru til að starfa milli þinga.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari